MERKIR SÖGUSTAÐIR

# Þingvellir

Höfundur Þórarinn Eldjárn

## EFNISYFIRLIT


Alþingi var stofnað á Þingvöllum ..... 3
Landnámsmenn á Þingvöllum ..... 4
Þingvellir sem þingstaður ..... 6
Kristni lögtekin ..... 8
Lífið á þingi ..... 10
Náttúra ..... 13
Listamenn og Þingvellir ..... 15
Alþingi flytur ..... 16
Hátíðir á Þingvöllum ..... 18
Þjóðgarður á heimsminjaskrá ..... 20
Kennsluhugmyndir ..... 21
Ítarefni ..... 24


## MERKIR SÖGUSTAÐIR

# Þingvellir


ISBN: 978-9979-0-1272-6


© 2008 Þórarinn Eldjárn
© 2008 teikningar: Íris Auður Jónsdóttir


Ritstjórar: Ellen Klara Eyjólfsdóttir og Guðbjörg Kristmundsdóttir

Þakkir fyrir yfirlestur og ráðgjöf: Hólmfríður Björnsdóttir,
Jóhanna Antonsdóttir og Sóley Ósk Hafsteinsdóttir

1. útgáfa 2008
Námsgagnastofnun
Reykjavík



Öll réttindi áskilin



Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Litróf ehf.

# Alþingi var stofnað á Þingvöllum

Þingvellir eru helgasti sögustaður Íslendinga. Staðurinn er jafnframt rómaður fyrir náttúrufegurð og afar merkilegur út frá jarðfræði og jarðsögu.

Alþingi Íslendinga var stofnað á Þingvöllum árið 930. Þá var liðin rúmlega hálf öld frá því landnám hófst en venjan er að miða upphaf þess við árið 874 þegar Ingólfur Arnarson er talinn hafa sest að þar sem nú er Reykjavík. Landið byggðist hratt á þessum fáu áratugum og taldist fullnumið þegar komið var fram um árið 1000. Ekki er vitað með vissu hve margir íbúar landsins voru þá orðnir. Menn lifðu á landsins gæðum til sjávar og sveita og landið gat varla, með góðu móti, borið nema fáeina tugi þúsunda fólks við þáverandi verkkunnáttu og búskaparhætti.

Giskað er á að íbúar hafi, árið 930, verið 10–20 þúsund. Okkur þykir þessi tala ekki há en þó má segja að Íslendingar hafi verið fleiri þá en nú ef miðað er við mannfjölda í öðrum löndum. Á okkar dögum eru Íslendingar sennilega talsvert færri hlutfallslega í samanburði við helstu nágrannaþjóðir okkar.

# Landnámsmenn á Þingvöllum

Landnámsmenn komu flestir frá Noregi. Höfðingjar og stórbændur í þeirra hópi fluttu þaðan af því að þeim líkaði ekki skattheimta og ofríki Haralds konungs hárfagra sem sameinaði Noreg í eitt konungsríki. Með í för voru smábændur og leiguliðar, vinnufólk og ánauðugir þrælar sem teknir höfðu verið á Bretlandseyjum, einkum Írlandi.

Í Noregi hafði lengi tíðkast að haldin væru þing á vissum árstímum í hinum ýmsu byggðarlögum. Þar réðu höfðingjar ráðum sínum og settu lög. Þekktast þessara þinga var Gulaþing sem Gulaþingslög eru kennd við. Þegar fólki tók að fjölga í nýja landinu hefur þess vegna legið beint við að menn kæmu saman innan héraða og úr nærliggjandi byggðar-

lögum og héldu einhvers konar þing og settu sér lög og reglur til að geta leyst úr deilumálum eða ráðist í sameiginleg verkefni. Þekktust þessara þinga voru Þórsnesþing á Snæfellsnesi og Kjalarnesþing sem náði yfir landnám Ingólfs og afkomenda hans á suðvesturhorni landsins. Þingstaður þeirra var upphaflega á Kjalarnesi en var síðan fluttur í Þingnes við Elliðavatn þar sem rústir hans hafa fundist.

Fljótlega hafa menn síðan komist að þeirri niðurstöðu að slík heimaþing nægðu ekki ein og sér heldur yrði einnig að koma á einhverri formlegri stjórnskipan fyrir landið allt. Afkomendur Ingólfs í Reykjavík höfðu forgöngu um að stofna skyldi slíkt allsherjarþing. Maður að nafni Úlfljótur hélt til Noregs og nam lög á Gulaþingi. Grímur geitskór hét fóstbróðir Úlfljóts. Grímur ferðaðist um allt Ísland á vegum Úlfljóts og Reykvíkinga, kannaði hug manna til allsherjarþings og svipaðist um eftir hentugum þingstað. Málið hlaut góðar undirtektir og staðarvalið tókst vel: Grímur valdi þinginu stað í Bláskógum við Ölfusvatn, sem síðan heita Þingvellir og vatnið Þingvallavatn. Bóndinn í Bláskógum hafði orðið sekur um að myrða þræl sinn, því var landið dæmt af honum og varð almannaeign.

## VERKEFNI

- Af hverju skyldu Þingvellir hafa orðið fyrir valinu þegar var verið að velja staðsetningu fyrir þing á Íslandi?
- Af hverju var þörf á að stofna alþingi á Íslandi?
- Leitaðu þér upplýsinga um hvernig talið er að þingið hafi verið uppbyggt (hægt að sjá í Sjálfstæði Íslands 1).

# Þingvellir sem þingstaður

Fáir staðir á landinu voru líklega betur til þess fallnir en Þingvellir að verða þingstaður þótt þeir virðist ekki sérlega miðsvæðis á landinu þegar litið er á landakort. Þangað voru samgöngur greiðar að sumarlagi úr helstu héruðum landsins, þótt mislangt væri að fara. Stutt er til hafna á Eyrarbakka við suðurströndina og Faxaflóahafna vestanlands. Og á staðnum sjálfum var allt hið helsta að finna sem til þinghalds þurfti: Nægir hagar handa hestum og auðvelt að halda þeim í skefjum ásamt öðrum búsmala sem þurfti til vista. Næg veiði í vatninu. Grjót og torf var nægt til búðagerðar, viður til kolagerðar og yfirbygginga á búðir. Þá var góður aðgangur að vatni til neyslu og þvotta eftir að Öxará hafði verið veitt í fossi fram af hamravegg þannig að hún rann nú um Vellina. Þar voru reistar búðir sem þingmenn og lið þeirra dvöldust í um þingtímann.

Á þjóðveldisöld, frá 930 til 1262, var Alþingi í senn löggjafarþing og dómstóll. Landið skiptist upphaflega í umdæmi sem kölluð voru goðorð. Þau voru 36 að tölu en fjölgaði síðan nokkuð.

Yfir hverju goðorði ríkti héraðshöfðingi, svokallaður goði. Goðarnir skyldu sitja á Alþingi og hafa með sér tiltekinn fjölda þingmanna, gilda bændur úr goðorðinu. Störfum var þannig háttað upphaflega á Alþingi að forseti þingsins, sem nefndur var lögsögumaður, var kosinn til þriggja ára í senn. Hann þurfti að kunna lögin utan að, þar sem þau höfðu ekki verið skrifuð niður. Ein helsta embættisskylda hans var að „segja upp“ lögin, þriðjung þeirra

ár hvert, og komast þannig yfir alla bálkana í embættistíð sinni. Þetta fór fram á Lögbergi sem þannig varð miðpunktur þingsins. Þar gátu menn einnig kvatt sér hljóðs um hin ýmsu málefni. Lögsögumaðurinn skar einnig úr um þingsköp, það er að segja reglurnar um það hvernig skyldi fara með mál, og var því eins konar fundarstjóri. Úlfljótur var fyrsti lögsögumaðurinn. Einn af þeim frægustu síðar var Snorri Sturluson.

Sjálft löggjafarstarfið fór fram í lögréttu, þar sem goðar, þingmenn þeirra og síðar einnig biskupar landsins áttu sæti. Eftir að farið var að styðjast við skrifuð lög fór Lögberg að skipta minna máli en áður þó áfram væri þar tilkynnt um dóma sem kveðnir höfðu verið upp, ný lög kynnt og rakin úrslit deilumála.

# Kristni lögtekin

Einhver stærsti viðburður í sögu þingsins varð þegar kristni var lögtekin á Alþingi árið 1000. Fyrstu landnámsmenn Íslands voru flestir heiðnir, trúðu á hina fornu guði norrænna manna, svo sem Óðin og Þór, Frigg og Freyju. Sumir landnámsmenn voru þó kristnir alveg frá upphafi. Eins hafa kristin áhrif snemma borist með írskum þrælum og afkomendum þeirra. Meiri hluti landsmanna var þó heiðinn þegar komið var fram undir árið 1000. Kristin trú var hins vegar í mikilli sókn á þessum tíma, áhrifamiklir konungar eins og Ólafur Tryggvason í Noregi boðuðu kristna trú með góðu eða illu. Kristnum mönnum bar samkvæmt biblíunni að boða trú og breiða út fagnaðarerindið. Hin forna norræna ásatrú lagði enga slíka útbreiðsluskyldu á iðkendur sína og hlaut því smátt og smátt að fara halloka. Ólafur konungur lagði kapp á að kristna Íslendinga og hefur vafalaust hugsað til þess að auka áhrif sín og Norðmanna á Íslandi.

Tveir íslenskir höfðingjar, þeir Hjalti Skeggjason og Gissur hvíti, höfðu látið skírast til kristinnar trúar í Noregi og Ólafur konungur sendi þá til Íslands til að fá landsmenn til að játa kristna trú í stað heiðninnar. Þeir Hjalti og Gissur komu á Alþingi árið þúsund og fluttu þar

erindi sitt. Heiðnir menn brugðust ókvæða við og upp kom slíkt ósætti að við lá að kæmi til bardaga á þinginu en slíkt var alvarlegt brot á þeirri helgi sem lögum samkvæmt átti að ríkja á þinginu. Niðurstaðan varð sú að heiðinn maður sem þekktur var að visku og ráðsnilld, Þorgeir Ljósvetningagoði, var fenginn til að skera úr um hvora trúna skyldi játa. Hann lagðist undir feld í sólarhring og komst loks að niðurstöðu sem hann tilkynnti í ræðu á Alþingi. Hann sagði ótækt að tvenn lög og tvenns konar trúarbrögð ríktu í landinu, af því hlytust bara illdeilur og ófriður. Farið var að ráðum hans og ákveðið að Íslendingar skyldu gerast kristnir. Heiðnum mönnum var þó leyfilegt að viðhalda vissum trúarsiðum sínum áfram, bara ef þeir héldu þeim iðkunum fyrir sjálfa sig og létu ekki nokkurn mann vita af því. Þegar fram í sótti reyndist andstaðan við hina nýju trú ekki sterk og Ísland varð alkristið á tiltölulega skömmum tíma.

## VERKEFNI

- Ræðið muninn á kristinni trú og heiðni.
- Hvers vegna skyldi Þorgeir Ljósvetningagoði hafa ákveðið að Íslendingar skyldu verða kristnir þegar hann var sjálfur heiðinn?
- Finnið hvaða þrjú atriði heiðnum mönnum var leyft að halda eftir að kristni var tekin upp.

# Lífið á þingi

Alþingi var stofnað til að vera allsherjarþing íslensku þjóðarinnar. Á þjóðveldistímanum fram undir 1262 stóð þingið yfir hálfan mánuð ár hvert, í júnílok og júlíbyrjun. Þá daga má segja að Þingvellir hafi verið höfuðstaður landsins. Þessi höfuðstaður skar sig þannig nokkuð frá höfuðborgum annarra landa þar sem stjórnvöld höfðu aðsetur árið um kring og bústaðir voru varanlegir. Þingvellir voru höfuðstaður úr grjóti, torfi og vaðmálstjöldum sem slegið var upp þennan skamma tíma en eftir það hélt hver til síns heima. En meðan á þessum dögum stóð voru Þingvellir sannur miðpunktur þjóðlífsins og þangað flykktist fólk hvaðanæva af landinu þúsundum saman.

Þangað vildu allir koma til að sýna sig og sjá aðra. Höfðingjar hittust og heimsóttu hver annan, bundust vináttuböndum eða tókust á um deilumál sín. Stutt var til helstu hafna og þingtíminn féll saman við þann tíma þegar helst var að vænta skipa frá öðrum löndum. Af fornum sögum sést að menn héldu gjarna beint til Þingvalla af skipsfjöl. Þar voru ferðamenn aufúsugestir sem kunnu að segja sögur af ævintýrum sínum erlendis og fréttir utan úr hinum stóra heimi. Allir sem vettlingi gátu valdið flykktust á staðinn og þinghaldið hefur öðrum þræði verið eins og þjóðhátíð og kaupstefna. Búfé gekk kaupum og sölum, handverksfólk seldi varning sinn, vopn og verkfæri, mat og drykk og klæðnað. Sagnamenn, skáld og trúðar nýttu sér þetta tækifæri til að fremja listir sínar frammi fyrir áheyrendum.

Frá 1262–1663 hélt Alþingi áfram að vera dómþing en löggjafarhlutverk þess var nú í samvinnu við konung.

Eftir að Danakonungur varð einvaldur 1663 var það eingöngu dómþing.

Eftir að Alþingi missti löggjafarhlutverk sitt varð reisn þess minni en áður. Smátt og smátt varð það að frekar ömurlegri samkomu þar sem sakamenn voru dregnir á vettvang og dæmdir, oft til líkamsrefsinga eða lífláts. Konum var drekkt í Drekkingarhyl en karlmenn hálshöggnir eða hengdir.

## VERKEFNI

- Hvað haldið þið að landsmenn hafi helst verið að selja á Þingvöllum?
- Ræðið muninn á hugtökunum löggjafarþing og dómþing.

# Náttúra

Þingvellir eru ekki bara merkilegir út frá þjóðarsögunni. Staðurinn er einstakur að náttúrufari öllu, ekki síst jarðfræðilega. Svæðið er hluti af eldgosa- og sprungubelti sem liggur þvert yfir Ísland þar sem flekamót eru á Atlantshafshryggnum. Hryggurinn liggur neðansjávar alla leið norðan úr Íshafi og lengst suður eftir Atlantshafinu. Hann er hvergi sýnilegur ofansjávar annars staðar en á Íslandi. Á þessum flekamótum hefur skorpa jarðar verið að gliðna og síga síðustu tíu þúsund ár. Óvíða má sjá þetta betur en á Þingvallasvæðinu. Þingvellir sjálfir eru vestast í miklum sigdal sem teygir sig allt frá fjöllunum í norðri niður að Þingvallavatni, stærsta náttúrlega stöðuvatni landsins. Botn sigdalsins markast vestan megin af Almannagjá en af Hrafnagjá að austan. Vestan megin er Norður-Ameríkuflekinn en austan Hrafnagjár Evrasíuflekinn. Flekarnir stefna hvor í sína áttina og er talið að gliðnunin sé um þrír millimetrar á ári.

Fyrir um níu þúsundum ára varð mikið gos þar sem dyngjan Skjaldbreiður myndaðist þá norðan sigdalsins og hraunflaumurinn þaðan fyllti dalinn. Síðar rann annað hraun yfir Skjaldbreiðarhraunið sem á næstu árþúsundum seig svo enn frekar undan farginu og við það mynduðust gjárnar hvor sínum megin.

Þingvallavatn, sem í upphafi hét Ölfusvatn, er stærsta náttúrlega stöðuvatn landsins, 83,7 ferkílómetrar að flatarmáli. Þar af fer hálfur ferkíló-



metri í þrjár eyjar sem heita Sandey, Nesjaey og Heiðarbæjarhólmi. Þingvallavatn hefur myndast við landsig og hraunstíflu og er víða mjög djúpt. Innrennsli er að langmestu leyti neðanjarðar, sumt af því mjög langt að komið. Úr Þingvallavatni fellur Sogið, stærsta lindá landsins. Silungsveiði er mikil og góð í vatninu, þar eru tvö afbrigði af urriða og tvö af bleikju auk murtu og fleiri smáfiska. Vatnið hýsir einnig marflóartegund sem finnst hvergi annarsstaðar.

Allt þetta gerir Þingvelli að tilkomumiklum stað. Allt er svæðið umlukið fjallahring en innan hans einkennist það af hrauni og sprungum, gjám og hamraveggjum og trjágróðri. Fornmenn höfðu að vísu ekki sömu hugmyndir og við um náttúrufegurð en þeir lögðu mikið upp úr ytri umgerð þinghaldins. Veglegri leiktjöld en náttúru Þingvalla um athafnir þess og samkomur er vart hægt að ímynda sér og erfitt að trúa öðru en að menn hafi þá þegar fundið fyrir svipuðum hughrifum og lotningu og flestir finna enn fyrir á Þingvöllum.

# Listamenn og Þingvellir

Listamenn hafa bæði fyrr og síðar fundið sér innblástur á Þingvöllum, jafnt í sögu sem náttúru. Þangað sótti skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson sér efnivið í eitt frægasta kvæði sitt, Fjallið Skjaldbreiður. Í því kvæði er ef til vill að finna bestu lýsingu sem til er á eldsumbrotunum sem urðu þegar Skjaldbreiður varð til.

Sumir þekktustu kaflar Íslandsklukkunnar eftir Halldór Laxness gerast á Þingvöllum, til dæmis hinn frægi upphafskafli, enda var þar að finna hina frægu klukku sem bókin heitir eftir.

Frægasti málari Íslendinga, Jóhannes Kjarval, málaði fjölda mynda frá Þingvöllum og sama gildir um ótal aðra málara sem þangað hafa sótt bæði fyrr og síðar.

## VERKEFNI

- Hafið þið komið til Þingvalla? Hvað fannst ykkur merkilegast þar?
- Finnið mynd af Almannagjá og veltið fyrir ykkur hversu miklir kraftar hafa verið þar að verki til að mynda þessa stóru gjá.
- Hvers vegna ætli listamenn sæki svona oft efnivið til Þingvalla?

# Alþingi flytur

Sögu Alþingis á Þingvöllum var endanlega lokið 1798, þegar þingið var flutt til Reykjavíkur. Árið 1800 var Alþingi lagt niður sem dómþing en í stað þess var stofnaður landsyfirréttur með fasta setu í Reykjavík.

Alþingi var endurvakið 1845 sem ráðgefandi fulltrúaþing, konungi til ráðgjafar um lagasetningu. Þá vildu margir að það yrði áfram háð á Þingvöllum. Fjölnismenn fóru fremstir í flokki þeirra sem vildu að þingið yrði þar fremur en í Reykjavík. Þeir urðu þó að láta í minni pokann fyrir Jóni Sigurðssyni og fylgismönnum hans sem töldu sjálfsagt að þingið yrði í höfuðstað landsins en ekki á stað sem orðinn væri jafnafskekktur og Þingvellir voru þá.

Þó Alþingi væri ekki lengur á Þingvöllum hélt staðurinn áfram að eiga sinn sess í hjörtum landsmanna. Sama ár og þingið hóf störf á ný í Reykjavík, 1845, komu menn enn á ný saman á Þingvöllum og héldu í fyrsta skipti svokallaðan Þingvallafund þar sem ræddar voru horfur og settar fram kröfur í þjóðfrelsis- og sjálfstæðismálum Íslendinga. Slíkir

fundir voru eftir það haldnir árlega með nokkrum lengri hléum inn á milli, eftir því sem áfangasigrar unnust í sjálfstæðisbaráttunni sem varð æ markvissari undir forystu Jóns Sigurðssonar.

Frá 1845 til 1879 kom þingið saman í húsi Latínuskólans, sem síðar varð Menntaskólinn í Reykjavík, en frá 1881 í Alþingishúsinu við Austurvöll þar sem það er enn.

## VERKEFNI

- Hvers vegna vildu Jón Sigurðsson og félagar ekki að þing yrði áfram á Þingvöllum?
- Hverjir voru Fjölnismenn?
- Skoðið ungmennavef Alþingis: www.ungmennavefur.is

# Hátíðir á Þingvöllum

Með stjórnarskránni 1874 varð Alþingi á ný löggjafarþing í íslenskum sérmálum með eigin fjárforræði. Þessa fyrstu stjórnarskrá sína fengu Íslendingar á þjóðhátíð sem haldin var á Þingvöllum 5. til 7. ágúst 1874 til að minnast 1000 ára byggðar í landinu. Hátíðin hafði mikla þýðingu fyrir sjálfstæðisbaráttuna. Þúsundir manna flykktust á ný til Þingvalla úr öllum landshlutum. Kristján níundi, konungur Íslands og Danmerkur, afhenti stjórnarskrána og varð þannig fyrstur konunga til að stíga fæti á þingstaðinn forna. Þar voru einnig fulltrúar erlendra ríkja og nokkrir erlendir fréttamenn. Hátíðin þótti takast vel og öll viðhöfnin og athyglin sem hún hlaut varð til þess að efla mjög sjálfstraust íslensku þjóðarinnar á lokastigum sjálfstæðisbaráttunnar sem leiddi til þess að landið fékk heimastjórn og innlendan ráðherra 1904 og loks fullveldi 1. desember 1918.

Í kjölfar Þingvallafundanna, og ekki síst hinnar veglegu þjóðhátíðar 1874, hefur það orðið siður að minnast stórra tímamóta í sögu lands og þjóðar á Þingvöllum: Alþingishátíð var haldin í júnílok 1930 til að minnast þúsund ára afmælis Alþingis. Lýðveldishátíð var haldin 17. júní 1944 í tilefni af stofnun lýðveldisins. Næsta stórhátíð var svo þjóðhátíðin 1974 sem haldin var í tilefni af 1100 ára afmæli byggðar í landinu. Sumarið 1994 var enn haldin hátíð, að þessu sinni til að minnast hálfrar aldar afmælis lýðveldisins. Loks var hátíð haldin á Þingvöllum sumarið 2000 til þess að minnast þess að þá voru þúsund ár liðin frá því að kristni var lögtekin á Alþingi.

# Þjóðgarður á heimsminjaskrá

Í aðdraganda að Alþingishátíðinni 1930 voru Þingvellir gerðir að þjóðgarði með lögum. Þar er kveðið á um að Þingvellir skuli vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Árið 2004 náðist síðan sá merki áfangi í sögu Þingvalla að þeir voru samþykktir á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Allir eru velkomnir til Þingvalla ef þeir fara eftir þeim reglum sem ríkja um umgengni við staðinn. Á Þingvöllum er þjónustumiðstöð þar sem hægt er að fá allar upplýsingar um náttúru og sögu staðarins. Áður en komið er til Þingvalla er tilvalið að líta við í nýrri og glæsilegri fræðslumiðstöð ofan við Almannagjá, í Hakinu sem svo er nefnt. Þar er hægt að kynna sér nútímalegt margmiðlunarefni um allt sem snertir sögu Þingvalla, jafnt um náttúru sem mannlíf.

## VERKEFNI

- Ræðið af hverju hinar ýmsu hátíðar hafa verið haldnar á Þingvöllum. Hverju var verið að fagna?
- Hvað gæti verið gaman að skoða þegar farið er á Þingvelli?
- Hvaða eyja við Ísland er á heimsminjaskrá?

# Kennsluhugmyndir

Eftir lestur bókarinnar gæti verið gaman að vinna verkefni tengd sögu Þingvalla eða atburða sem átt hafa sér stað þar. Hér á eftir fylgja kennsluhugmyndir sem hægt er að nýta sér í þá vinnu.

## Ferð á Þingvelli

Gott að vera búin(n) að undirbúa bekkinn með því að skoða Þingvalla-vefinn www.thingvellir.is, skoða myndir af Þingvöllum og hafa aflað sér frekari upplýsinga. Gott að fá með leiðsögumann sem er fróður um Þingvelli.

## Hugarflug með leiðsögn og ritun

Nemendur setja sig í spor landnámsmanna eða þingmanna á Alþingi. Nemendur reyna að ímynda sér hvernig var umhorfs á Þingvöllum á ákveðnum tíma. Nemendur skrifa síðan smásögu eða stutta ritgerð um það hvernig var að vera landnámsmaður eða þingmaður á Alþingi.

## Búa til Þingvelli

Búa til líkan af Þingvöllum. Hægt að gera úr pappamassa eða frauð-plasti. Gott að samþætta með verkgreinum og eins stærðfræði þar sem reikna þarf út lengd, breidd og hæð og þess háttar. Jafnvel má taka fyrir ákveðinn atburð, t.d. kristnitökuna, og gera Þingvelli lifandi. Búa til Þorgeir Ljósvetningagoða, Lögréttu og allt þar á milli sem og helstu kennileiti.

## Náttúran á Þingvöllum

Vinna verkefni um náttúruna og lífríkið á Þingvöllum í samráði við náttúrufræðikennara. Hægt að rannsaka hvaða dýr lifa þar, hvaða plöntur og svo framvegis.

## Þingvallavatn

Vinna verkefni um Þingvallavatn. Samþætta með náttúrufræði og smíði. Nemendur búa til lífverur og gróður vatnsins. Nemendur búa í sameiningu til bakgrunn sem væri hægt að festa lífverur og gróður inn á. Út úr þessu kæmi veggmynd. Nemendur geta svo haldið sýningu og útskýrt hvað er á veggmyndinni.

## Upplýsingatækni og ritun

Það er hægt að samþætta námsefnið við upplýsingatækni. Ýmsar spurningar í bókinni kalla á að nemendur nýti sér Netið eða bókasöfn til upplýsingaleitar. Ýmsar slóðir eru gefnar upp aftast í bókinni.

Nemendur afla sér upplýsinga um efni tengd Þingvöllum, t.d. sögu, trúarbrögðum, náttúru og fleira.

## Þjóðsögur og ljóð tengd Þingvöllum

Nemendur kynna sér þjóðsögur sem tengjast Þingvöllum. Hægt er að vinna með þessar sögur á ýmsan hátt. Eins er hægt að kynna ljóð sem fjalla um eða tengjast Þingvöllum.

Hægt að samþætta með íslenskukennslu.

## Leikræn tjáning

Nemendur semja og setja á svið ákveðna þætti úr sögunni sem tengjast Þingvöllum.

## *Tímaás*

Til að átta sig á atburðum og uppákomum á Þingvöllum er gott að gera tímaás. Heppilegt er að hafa tímaásinn sýnilegann í kennslustofunni svo nemendur átti sig betur á aðstæðum. Eins er hægt að setja aðra þekkta tímapunkta á ásinn.

930 – Alþingi stofnað á Þingvöllum
1000 – Kristni lögtekin á Alþingi
1262 – 1663 Alþingi er dómþing og löggjafarþing
1663 – Alþingi eingöngu dómþing
1798 – Sögu Alþingis á Þingvöllum endanlega lokið
1845 – Þing hefst í Latínuskólanum í Reykjavík
1874 – Þjóðhátíð á Þingvöllum til að minnast 1000 ára byggðar á landinu
1881 – Þing hefst í Alþingishúsinu og er þar enn þann dag í dag
1918 – Ísland fær fullveldi
1944 – Stofnun lýðveldis á Íslandi
1974 – Þjóðhátíð á Þingvöllum til að minnast 1100 ára afmælis byggðar í landinu
1994 – Hátíð á Þingvöllum til að minnast hálfrar aldar afmælis lýðveldisins
2000 – Hátíð á Þingvöllum til að minnast 1000 ára afmælis kristnitökunnar

## *Ítarefni*

Björn Hróarsson. 2007. *Ísland – veröld til að njóta*. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Garðar Gíslason. 2001. *Þjóðfélagsfræði*. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Sigrún Helgadóttir. 2001. *Komdu og skoðaðu land og þjóð*. Námsgagnastofun. Reykjavík.

Þóra Kristinsdóttir. 1993. *Ísland – landið okkar*. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Heimasíða Þingvalla http://www.thingvellir.is/

Ungmennavefur Alþingis http://www.ungmennavefur.is/

Heimasíða landnámsseturs http://www.landnam.is

Þingvallavefur Þorkels Daníels Jónssonar http://www.ismennt.is/not/keli/Vefverkefni/tingvellir/rammasidan.htm

Plöntuvefur Námsgagnastofnunar http://www.nams.is

Fuglavefur Námsgagnastofnunar http://www.nams.is

Vefur Jónasar Hallgrímssonar, http://www.ms.is

Heimsminjaskrá Unesco http/whc.unesco.org

Myndabanki – http://www.mats.is